

## Atvinnu- og umhverfisfundur 4.febrúar 2021 kl.16:15 í Fjölheimum

Mættir: Ingunn Jónsdóttir, Almar Sigurðsson, Hrafnhildur Baldursdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Axel Einarsson.

### 1. Atvinnurekendalisti - næstu skref:

Fundur sem vera átti með sveitastjóra til þess að fara yfir atvinnurekenda lista frestaðist vegna COVID19 lokana og leggur nefndin því til að fundin verði nýr tími til þess að hittast.

- Ingunn mun finna nýjan tíma fyrir fundinn með sveitastjóra og boða nefndarmenn.

### 2. Tilraunaverkefni um moltugerð á bæjum Flóahrepps

Nefndin hefur áhuga á að koma af stað tilraunaverkefni um moltugerð í sveitarfélaginu sem myndi gera það að verkum að sveitarfélagið getur hætt að kaupa þjónustu við losun lífrænnar tunnu á bæjunum. Sparnaðurinn sem hlytist af þessu yrði nýttur í þágu samfélagsins t.d. í einhverskonar uppbyggingarverkefni eða annað sem íbúar sameinast um. Nefndin leggur til að eiga þetta samtal við íbúa Flóahrepps (skoða hvar, hvenær, hvernig..)

- Verður tekið fyrir á næsta fundi eftir yfirferð á samningi við ÍGF

### 3. Uppfærsla á verklagsreglum vegna vals á umhverfisverðlaunum

Ingunn kynnir fyrir nefndarfólki tillögu að uppfærðum verklagsreglum til samræmis við það verklag sem verið hefur undan farin ár.

- Ingunn sendir tillögur á nefndarmenn og veriður farið yfir þær á næsta fundi.

### 4. Yfirferð á samningi Flóahrepps við Íslenska Gámafélagið / ÍGF

Samningnum dreift á nefndarmenn og tillaga um að hver og einn fari yfir hann fyrir næsta fund og komi með umsögn og/eða tillögur ef við á.

### 5. Verkefni vorið 2021 – tillögur (ath jafnframt með verkaskiptingu)

- Nýsköpunarverkefni með ÍGF?
  - verður tekið fyrir á næsta fundi eftir að nefndarmenn verða búnir að fara yfir samninginn
- Athugun á atvinnusvæði sveitarfélagsins / hversu tilbúin erum við til þess að taka á móti nýjum fyrirtækjum?
  - tökum með í samtali við sveitarstjóra
- Stóri plokki dagurinn – viljum við taka þátt?
  - Ingunn mun skoða og leggja fyrir á næsta fundi. Allir áhugasamir um þátttöku.
- Rúlluplastverkefni með Pure North í Hveragerði?
  - Hrafnhildur tekur að sér að skoða feril rúlluplastins í sveitarfélaginu og hvort/hvað hægt er að gera til þess að bæta hann. Verður tekið fyrir á næsta fundi.
- Kynnum okkur hvað felst í nýju frumvarpi um hringrásarhagkerfið og skoðum hvernig við viljum innleiða það í okkar sveitarfélagi.
  - Ingunn sendir netslóðir á nefndarmenn til yfirlstrar. Tekið fyrir á næsta fundi.

### 6. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur: 2.mars 2021 kl.16:15

Fundi slitið kl.17:25